



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Eyja- og Miklaholtshreppur
Jökull Helgason,
skipulags- og byggingafulltrúi
Hofstöðum
311 Borgarnes

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 3. mars 2008
Tilvísun: UST20080100116/ksj

Deiliskipulag spildu úr landi Miklaholtssels, Eyja- og Miklholtshreppi.

Vísað er til erindis Jökuls Helgasonar skipulags- og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps, dagsett 21. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á spildu úr landi Miklaholtssels. Deiliskipulagstillagan felst í því að landi sem er á suðausturhluta skipulagssvæðisins er breytt í tvær nýjar lóðir. Fyrirhugað er að reisa tvö einbýlishús á einni hæð með möguleika á nýtanlegu risi ásamt tveimur stakstæðum svefnskálum. Stærð skipulagssvæðisins er alls 32.747 fermetrar. Aðkoma að húsunum verður um núverandi veg frá Þjóðvegi 54. Sá vegur liggur framhjá eldra húsi er reist var fyrir loðdýrarækt, en mun verða endurbyggt sem hesthús. Þaðan er gert ráð fyrir að leggja nýjan veg að fyrirhuguðum einbýlishúsalóðum sem eru rúmur hektari að stærð hvor.


Ofangreint svæði er nálægt Þjóðvegi og hefur að hluta til verið raskað með vegagerð, byggingu stálgrindarhúss og slóðagerð. Suðausturhluti svæðisins þar sem nýjar lóðir eru fyrirhugaðar á er að mestu ósnortið votlendi. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar eins og segir í 37. grein laganna: „Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. Eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri o.s. frv”

Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi er áhersla lögð á varðveislu lykilvistkerfa á Íslandi og þar segir: „Forðast verði eins og kostur er að skerða votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.”

Þessi stefnumörkun er ítrekuð í Velferð til framtíðar Áherslur 2006-2009, en þar er einnig áhersla á endurheimt votlendis þar sem slíkt er talið mögulegt. Umhverfisstofnun leggur áherslu á varðveislu ósnortins votlendis. Þar af leiðandi telur Umhverfisstofnun að endurskoða þurfi staðsetningu nýrra einbýlishúsalóða, og finna þeim stað nær þegar lögðum aðkomuvegi, svo votlendi verði hlíft við raski.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit Skipulagsstofnun